Umhverfis- og skipulagsráð

25. nóvember 2026

Endurskoðun samþykktar um skilti í Reykjavík

- Helstu breytingar
- Samráðsferli í samráðsgátt

Kynning frá skrifstofu skipulags- og byggingarmála

Forsendur endurskoðunar

Stafræn skilti

Ná utan um fjölgun stafrænna skilta í borgarumhverfinu og einfalda skilmála um ljósmagn, umfang skilta og staðsetningu þeirra.

Einfaldari samþykkt

Sameina flokka, skilgreina tegundir betur og gera umsóknarferil aðgengilegri.

Skipulag og staðbundin áhrif

Tengja heimildir skýrar við landnotkun, deiliskipulag, ásýnd og grenndaráhrif.

Endurskoðuð stærðarmörk

Hámarksstærðir skilta eftir landnotkuna eru í mörgum tilvikum auknar.

Öryggi og aðgengi

Skilmálar um laus skilti og aðrar útstillingar þannig að öryggi vegfarenda sé tryggt.

Hvað breytist í uppbyggingu samþykktarinnar?

Markmiðið er einfaldara kerfi án þess að draga úr faglegu mati á staðsetningu og áhrifum.

Efnisþáttur	Helsta breyting
Flokkun	Auglýsinga- og þjónustuskilti sameinuð; tegundir skilta skilgreindar betur.
Landnotkun	Skýrari ákvæði eftir svæðum og hlutverk deiliskipulags afmarkað.
Stærðir	Hámarksstærðir endurskoðaðar og í flestum tilvikum auknar.
Stafræn skilti	Ítarlegri reglur um ljós, stýringu og heimildir; eldri staðsetningarkort tekið út.
Umsóknargögn	Skýrari upplýsingar um þau gögn sem þurfa að fylgja umsókn.

Stærðarheimildir í drögum að endurskoðaðri samþykkt um skilti

Hámarksstærðir eru víðari en í gildandi samþykkt og þurfa að standast mat á ásýnd og grenndaráhrifum.

Íbúðar- og samfélagssvæði	allt að 8 m²
Miðsvæði / verslun og þjónusta	allt að 15 m²
Athafna-, iðnaðar- og hafnarsvæði	allt að 20 m²
Íþróttasvæði	allt að 15 m²

Hámarksstærðir skilta

Tafla 2. Hámarksstærðir skilta

Tegund skiltis	Landnotkunarsvæði	Hámark
Þjónustuskilti	(M1a, M1b, M1c)*	1 m²
	Íb*, S*, L	2 m²
	M*, VÞ*	4 m²
	At, E, H, I, Íþ	6 m²
Veggspjöld	M1a, M1b, M1c	1 m²
	Íb, S	2 m²
	M, VÞ	4 m²
	Íþ	6 m²
	At, E, H, I	8 m²
Sala/viðgerðir/ framkvæmdir innanhús	Íb, S	2 m²
	M1a, M1b, M1c, M, VÞ	4 m²
	At, E, H, I	6 m²
Uppbygging nýbygginga, gatnaframkvæmdir	Íb, S	4 m²
	M1a, M1b, M1c, M, VÞ	6 m²
	At, E, H, I	10 m²
Stafræn skilti	At	Sjá landnotkun
Sérstök skilti	–	Stærð fer eftir aðstæðum og samkomulagi við Reykjavíkurborg

* Ef þjónustuskilti er í formi bókstafa er stærri hámarksstærð heimiluð, sjá ákvæði landnotkunarsvæðis.

At: Athafnasvæði E: Efnislosun H: Hafnarsvæði I: Iðnaðarsvæði
Íb: Íbúðarsvæði Íþ: Íþróttasvæði L: Landbúnaðarsvæði
M1ABC: Miðborg Rvk. M: Miðsvæði S: Samfélagsþjónusta
VÞ: Verslun / þjónusta

4.5 Hámarksstærðir eftir landflokkum · Tafla 2

Auglýsingaskilti	Hámarksstærð
Miðborg (M1a/b/c)	Skilti fest á vegg ≤ 4 m² Skilti sem standa út frá vegg ≤ 1 m²
ÍB/S/L	Á lóðum verslana, fyrirtækja og stofnana: ≤ 8 m² Skilti sem standa út frá vegg ≤ 1 m²
Miðsvæði (M)	Stærð ≤ 15 m² Skilti sem standa út frá vegg ≤ 1 m²
At/H/I/E	Stærð ≤ 20 m² Skilti sem standa út frá vegg ≤ 1,5 m²
Íþ	Stærð ≤ 15 m²
Opin og friðlýst svæði (Op/St/Sn/Fs)	Óheimil
Upplýsingaskilti	**Hámarksstærð**
Miðborg (M1a/b/c)	Sala eigna/viðgerðir/breytingar: ≤ 4 m² Framkvæmdasvæði: ≤ 6 m²
ÍB/S/L	Sala eigna/viðgerðir/breytingar: ≤ 4 m² Framkvæmdasvæði: ≤ 6 m²
Miðsvæði (M)	Sala eigna/viðgerðir/breytingar: ≤ 8 m² Framkvæmdasvæði: ≤ 6 m²
At/H/I/E	Sala eigna/viðgerðir/breytingar: ≤ 8 m² Framkvæmdasvæði: ≤ 6 m²
Íþ	Framkvæmdasvæði: ≤ 6 m²
Opin og friðlýst svæði (Op/St/Sn/Fs)	Upplýsinga- og fræðsluskilti: ≤ 4 m²

Heimilt er að rýmka eða þrengja heimildir og/eða stærðarviðmið í deiliskipulagi.
Bent er á frekari útskýringar og skilyrði í köflum 4.1–4.4 hér á undan.
Skilti skulu ekki hylja framhliðar húsa óhóflega eða hylja sérstök hönnunareinkenni.

Stafræn skilti: efni, staðsetning og tækni

Stafrænt skilti er útfærsla skiltis. Meta þarf bæði innihald og hvort skiltið er veggfest eða frístandandi.

1. Flokkur og efni

Er um auglýsingu, upplýsingar eða annað efni að ræða? Reglur ráðast fyrst af tilgangi skiltisins.

2. Staðsetning

Landnotkun, deiliskipulag, veggflötur eða frístandandi skilti og áhrif á nærliggjandi byggð.

3. Tæknileg áhrif

Birta, litabreytingar, hreyfing, sjálfvirk stýring, sjónlínur og truflun á umferð.

Samráð og mat á umsögnum

Vægi merkir þörf fyrir breytingu eða nánari skoðun, ekki vægi umsagnaraðila sem slíks.

Mikið vægi

Lagastoð, lögbundið hlutverk eða bein öryggis- og aðgengisáhætta.

Dæmi: Vegagerðin, aðgengi og öryggi við stíga.

Miðlungs vægi

Málefnaleg athugasemd sem þarf faglega útfærslu eða skýrara orðalag.

Dæmi: stærðir og heimildir deiliskipulags.

Takmarkað vægi

Almenn afstaða eða óútfærð ósk sem nægir ekki ein og sér til breytingar.

Dæmi: almenn stuðnings- eða andstöðuyfirlýsing.

Málsmeðferðarvægi

Athugasemd um kynningargögn eða ferli og hugsanleg áhrif á gæði samráðs.

Dæmi: röng eða eldri útgáfa í viðhengi.

Helstu niðurstöður samráðs

Umsagnirnar kalla bæði á efnisbreytingar í texta og skýrara verklag við leyfisveitingar.

Umsagnaraðili / efni	Kjarni	Mat
Vegagerðin	Leyfi veghaldara, þjóðvegir og samþætt málsmeðferð	Mikið
ÖBÍ réttindasamtök	Læsileiki, litaskil, ljósáhrif og 1,80 m gönguleið	Mikið
Öryggi við reiðstíga	Fjarlægðir, staurar og árekstrarhætta	Mikið
Billboard ehf.	Landnotkun, stærðir og svigrúm deiliskipulags	Miðlungs
Íslenska á skiltum	Stefnumótandi og lagalegt álitaefni	Miðlungs

Umsögn Vegagerðarinnar: tvær aðskildar leyfisreglur

Umsögnin gerir greinarmun á staðsetningu innan veghelgunarsvæðis og skiltum utan þess sem beinast að umferð.

A. Innan veghelgunarsvæðis þjóðvegar

32. gr. vegalaga: óheimilt er að staðsetja skilti á helgunarsvæði þjóðvegar nema með leyfi Vegagerðarinnar.

Byggingarleyfi ætti ekki að afgreiða fyrr en staðfest er að leyfið liggi fyrir.

B. Utan helgunarsvæðis en beint að umferð

90. gr. umferðarlaga nr. 77/2019: auglýsing, ljósaskilti eða sambærilegur búnaður sem beinist að umferð þarf heimild veghaldara.

Á við þótt skiltið sé utan helgunarsvæðis, einkum við stofnvegi.

Umsögn Vegagerðarinnar: umferðaröryggi er sjálfstætt mat

Veghaldari getur synjað, sett skilyrði eða krafist fjarlægingar þegar búnaður skapar áhættu.

Líkist umferðarmerki

Skilti má ekki valda misskilningi um merki, skilti eða vegmerkingu.

Tálmar vegsýn

Staðsetning og umfang mega ekki skerða sjónlínur eða yfirsýn.

Dregur athygli frá umferð

Birta, hreyfing, efni og nánd við veg geta aukið truflun.

Bráð hætta

Við yfirvofandi hættu getur veghaldari, með leyfi lögreglu, látið fjarlægja búnað þegar í stað.

Næstu skref

Tillaga að framhaldi á grundvelli umsagna og þeirra álitaefna sem liggja fyrir.

1. Úrvinnsla umsagna

Taka saman svör við umsögnum og afmarka breytingar á drögunum.

2. Endurskoðun ákvæða

Skýra aðgengi og öryggi við stíga, ljósáhrif, stærðir og landnotkun. Taka afstöðu til íslensku á skiltum.

3. Samræmt leyfisferli

Skýra kröfur um umsóknargögn og hvernig leyfi borgarinnar og heimildir veghaldara tengjast.

4. Afgreiðsla uppfærðra draga

Leggja uppfærð drög og yfirlit um viðbrögð við umsögnum fyrir umhverfis- og skipulagsráð.